

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2018/296****2018/EES/64/13****frá 27. febrúar 2018****um að samþykkja ekki virka efnið kjarna úr risasúru í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)  
nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Bretlandi umsókn frá Maronne Bio innovations 3. nóvember 2011 um samþykki fyrir virka efniú kjarna úr risasúru.
- 2) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti skýrslugjafaraðildarríkið umsækjandanum og hinum aðildarríkjunum um lögmæti umsóknarinnar 21. mars 2012 og tilkynnti framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um það 11. maí 2012.
- 3) Áhrif þessa virka efnis á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið hafa verið metin, í samræmi við 2. og 3. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar, með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjandinn fyrirhugar. Skýrslugjafaraðildarríkið lagði drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnunina 22. júlí 2014.
- 4) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. þeirrar reglugerðar fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu.
- 5) Aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni. Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar um áhættumatið á varnarefnum með virka efniú kjarna úr risasúru <sup>(2)</sup> fyrir framkvæmdastjórnina 31. ágúst 2015.
- 6) Í bréfi dagsettu 16. október 2017 dró Marrone Bio innovations umsókn sína um samþykki fyrir kjarna úr risasúru til baka. Þar eð umsóknin var dregin til baka ætti ekki að samþykkja kjarna úr risasúru skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 7) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á framlagningu frekari umsókna fyrir kjarna úr risasúru skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Virkt efni ekki samþykkt**

Virka efnið kjarni úr risasúru er ekki samþykkt.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 56, 28.2.2018, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 184/2018 frá 21. september 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2015. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Reynoutria sachalinensis* extract.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(9), 4221, 73 bls.. Aðgengilegt á Netinu: [www.efsa.europa.eu/efsajournal](http://www.efsa.europa.eu/efsajournal)

2. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---